

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 114/2022

2022/EES/61/26

frá 29. apríl 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/63 frá 14. janúar 2022 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar matvælaaukefnið títandíoxíð (E 171) ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 0063**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/63 frá 14. janúar 2022 (Stjtfð. ESB L 11, 18.1.2022, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 2022/63, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtfð. ESB L 11, 18.1.2022, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.